

Sþ.

## 377. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveitulánum fyrir Eyrarbakkahrepp, Stokkseyrarhrepp og Sandvíkurhrepp.

Flm.: Eiríkur Einarsson, Jörundur Brynjólfsson, Gunnar Benediktsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán, að upphæð allt að 550 þús. krónur, sem Eyrarbakkahreppur tekur, lán að upphæð allt að 480 þús. krónur, sem Stokkseyrarhreppur tekur, og lán að upphæð allt að 500 þús. krónur, sem Sandvíkurhreppur tekur, hver hreppur um sig til að standast kostnað af innanhreppsrafveitu sinni, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði hverrar veitu.

### Greinargerð.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 52 1945, um byggingu nokkurra raforkuveitna, til að koma upp rafveitu, aðalorkuveitu, frá orkuverinu við Sog til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar, og kostar rikið aðalorkuveituna, en hverjum hreppi er ætlað að standast kostnað af innanhreppsveitu. Er hér farið fram á, að rikið taki ábyrgð á nauðsynlegum lánum, er Eyrarbakkahreppur, Stokkseyrarhreppur og Sandvíkurhreppur ætla að taka til þeirra þarfa, og er sú ábyrgð hliðstæð þeim ábyrgðum, sem rikið hefur veitt fyrir tilsvarandi kostnaði hjá öðrum sveitarfélögum, svo sem t. d. Keflavíkurhreppi og Njarðvíkurhreppi á Reykjanesi.

Upphæð ábyrgðar er miðuð við áætlanir Rafmagnseftirlits ríkisins á kostnaði við fyrirhugaðar framkvæmdir í Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Sandvíkurhreppum.

Rafmagnseftirlit ríkisins mun nú vera að endurskoða áætlun um veitu frá Selfossi um Ölfushrepp til Hveragerðis. Að fenginni þeirri áætlun mun ríkisstjórnin væntanlega þegar taka ákvarðanir um það, hvort nota skuli heimild þá, er veitt var með lögum nr. 52 1945, og leggja einnig þá veitu. Mun þá verða farið fram á, að Alþingi veiti einnig heimild til ríkisábyrgðar á láni fyrir tilsvarandi rafveitu-framkvæmdir Ölfushrepps eða Hveragerðis.